

Upplýsingar um göngur og réttir í Norðurárdal vestan Norðurár haustið 2017

Sameiginleg leit Borgarbyggðar og Dala á Bjarnadal Bröttubrekku og Vesturárdal fer fram föstudaginn 8 september (fyrsta leit) og föstudaginn 22. september (önnur leit) ef veður og aðrar aðstæður leifa.

Sameiginleg leit Borgarbyggðar og landeigenda vestan Bjarnadalsár (vesturfjalli) fer fram laugardag 9. september (fyrsta leit) og laugardaginn 23. september (önnur leit).

Fyrsta Brekkurétt verður sunnudaginn 10. september, önnur Brekkurétt sunnudaginn 24. september.

Stefnt er að því að hefja réttarhald kl. 10:00 árdegis.

Réttað verður heima á Brekku.

Fé úr útréttum verður flutt að Brekku.

Allar leitir vestan Norðurár eru metnar á kr.15.000-. hver leit.

Réttarstjóri í Brekkuréttum verður Þórhildur Þorsteinsdóttir á Brekku sími 894- 0146.

Leitarstjóri í öllum leitum á Bjarnadalsafrétti og vesturfjalli verður Elvar Ólason Brekku sími 892-0146.

Aðeins er um heimalönd að ræða og ber landeigendum að smala lönd sín til fyrstu og annarar Brekkuréttar. Mikilvægt er að manna leitir vel svo þær gangi vel og beri góðan árangur. Sömuleiðis er mikilvægt að góð samvinna sé milli jarða svo árangur verði sem bestur og eigendur og umráðamenn jarða séu í góðu sambandi við leitarstjóra.

Vanræki einhver slíka smölun er sveitarstjórn heimilt að láta smala landið á kostnað landeiganda.

Tilhögun leita og rétta haustið 2017 er samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp sem tók gildi 14. júlí 2015. Vísast til 11gr.samþykktarinnar varðandi álagningu á landverð jarða.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 31.október og eindagi 15.nóvember.

Valbjarnarvöllum 14 ágúst 2017

Afréttarnefnd Borgarhrepps, Stafholtstungna og Norðurárdals vestan
Norðurár
Sigurjón Jóhannsson Guðrún Fjeldsted Pétur Sumarliðason varamaður, og
Þórhildur Þorsteinsd.

Fjallskil 2017

Hreðavatn Skógrækt ríkisins Hreðavatni láti 1 mann í fyrstu og aðra sameiginlega leit á Vesturfjalli.

Brekka.

Brekka láti 10 menn í fyrstu og 10 menn í aðra sameiginlega leit á Vesturfjalli. Skilamenn í I. II. og III Svignaskarðsrétt 1.mann í fyrstu og aðra Fellsendarétt, réttarstjórn og leitastjórn.

Hraunsnef.

Hraunsnef láti 1 mann í fyrstu og 1. mann í aðra sameiginlega leit á Vesturfjalli.

Hvassafell I

Hvassafell láti 2 menn í fyrstu og 1.mann í aðra sameiginlega leit á Vesturfjalli.

Hvassafell II.

Hvassafell II láti 2 menn í fyrstu og 2. menn í aðra sameiginlega leit á Vesturfjalli.

Dalsmynni.

Dalsmynnislund verði leitað til fyrstu og annarar Brekkuréttar

Klettstía.

Klettstíulund verði leitað til fyrstu og annarar Brekkuréttar.

Hreimsstaðir.

Hreimstaðaland verði leitað til fyrstu og annarar Brekkuréttar.

Dýrastaðir.

Dýrastaðaland verði leitað til fyrstu og annarar Brekkuréttar.

Hvammur

Hvammsland verði leitað til fyrstu og annarar Brekkuréttar.

Sanddalstunga.

Sanddalstungulund verði leitað til fyrstu og annarar Brekkuréttar.